53. fundur verkefnahóps BsVest, fundurinn er haldinn þann 17. desember 2015. Kl 09:00.

Mættir voru: María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Stranda og Reykhólahrepps, Margrét Geirsdóttir félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar, Guðný Hildur Magnúsdóttir félagsmálastjóri félagsþjónustunnar við Djúp, Elsa Reimarsdóttir félagsmálastjóri Vestur-Barðastrandasýslu og Sif Huld Albertsdóttir formaður sem einnig ritaði fundargerð.

1. Fundargerð 52. fundar verkefnahóps.
   Fundargerð lögð fram til samþykktar, fundargerð 52. Fundar verkefnahóps samþykkt af verkefnahóp.
2. Umsóknir vegna 27 gr. trúnaðarmál
   Formaður kynnti að auglýsing hefði verið birt á heimasíðu Fjórðungssambandsins þann 21. Október sl. og í kjölfarið í héraðsmiðlum, einnig kynnt öllum félagsþjónustusvæðum. Farið var yfir allar umsóknir sem bárust BsVest vegna styrk til náms, verkfæra og tækjakostnaðar. Alls voru 2 umsóknir frá einstaklingum, heildarupphæðin var kr. 139.490,-. Annari umsókn var hafnað á grundvelli 2. gr. reglugerðar um styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa, heildarupphæð sem var greidd út í desember sl. var því kr. 10.875,-. Þann 27. ágúst 2015 var ein umsókn samþykkt að upphæð kr. 17.250,-. Samtals eru styrkumsóknir fyrir árið 2015 kr. 28.125,-.. Umsóknargögn varðveitt í trúnaðarbók. Formanni falið að rita bréf til umsækjenda og undirbúa útborgun styrkja í framhaldi af afgreiðslu stjórnar.
3. Fjárhagsáætlun 2016
   Verkefnastjóri minnti á að senda endanlegar upplýsingar varðandi fjárhagsáætlun 2016 ef einhverjar breytingar hafa verið frá því að BsVest fékk tölurnar til sín í nóvember byrjun.
4. Reglur varðandi stuðningsfjölskyldur, breyting á viðauka.
   Verkefnahópur lagði til að engar breytingar myndu eiga sér stað á viðauka að þessu sinni, en viðaukinn varðandi reglur um stuðningsfjölskyldur yrði tekinn upp aftur í ágúst/september 2016, þannig að vinna við fjárhagsáætlunargerð 2017 geti tekið mið af breyttum viðauka.
5. Umræða:
   Rætt var um umræðu- og upplýsingafund vegna niðurstöður endurmats á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk, sem haldin var 16. desember sl.

Fleira var ekki gert, fundi slitið 09:55

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest